

1950

MÁLASATN

S k y r s l a

142.4

Um athuganir á virkjunarskilyrðum í nokkrum fallvötnum

á

Fljótsdalshéraði.I

I ágústmánuði 1949 voru gerðar athuganir og mælingar á nokkrum fallvötnum á Fljótsdalshéraði að tilhlutunar raforkumélaskrifstofu ríkisins.

Fara hér á eftir helstu niðurstöður þeirra rannsóknna að svo miklu leyti, sem búið er að vinna úr mælingum. Það sem sagt verður um jarðfræðileg efni, er að mestu leyti tekið upp úr skýrslu Dr. Sigurðar Þórarinssonar, "Um jarðfræðilegar athuvanir í sambandi við fyrirhugaðar virkjanir á Fljótsdalshéraði". Upplýsingar um úrkoma eru fengnar hjá Veðurstofunni.

a) Úrkoma og virkjanlegt vatnsmagn.

Litið er til af úrkommumælingum frá Fljótsdalshéraði. Á árunum 1942-1945 var úrkoman á Hallormsstað, sem hér segir:

Ár:	Úrkoma mm.
1942	834
1943	538
1944	534
1945	455

Samtals: 2361 mm.

Máðalúrkoma á þessu tímabili hefir því verið $2361:4 = 590$ mm.. Það sem úrkommumælingarnar ná aðeins yfir svona stutt tímabil, er mjög hæpið að draga ályktanir af þeim. Þær virðast þó sanna, að ársúrkoman á þessum stöðum komist niður fyrir 500 mm.

Upptí á hálandinu er úrkoman að sjálfsögðu miklu meiri. Mun varla ofreiknað, að ársúrkoman aukist um 1½-2 mm. við eins meters hækjun yfir sjó.

A austfjarðarhálendinu vantar algjörlega úrkumulæringar, og verður því nér eingöngu að styðjast við þær vatnsrennslismælingar, sem gerðar hafa verið, en þær eru því miður alltof fáar enn sem komið er.

Til bess að fá nánari hugmynd um eðli og háttalag ánnna á Fljótsdalshéraði, er ekki úr vegin að bera þær saman við árnar í Skagafirði. Aðstaða er að mörgu leyti svípuð. Árnar í þáum þessum hérnuðum eru nér undantekningarlaust dragár, en þær eru að öðru jöfnu sunn ver til virkjunar fallnar en lindár. Staðar það af hví, að aðrennsli drag-ánnar er nér eingöngu yfirborðsvath, og jarðvegurinn nér því ekki að jafna rennsli þeirra. Sliker ár verða mjög litlar í langvarandi frostum á vetrum og þurkum á sumrin, en geta orðið geysi miklar í leysingum á vorin. Meðalúrkoma á eftirtöldum þrem stöðum í Skagafirði er, sem hér segir:

Melifell	533	mm/n
Skriðuland	468	"
Hraun í Fljóti	617	"

Meðaltalið fyrir Melifell nér yfir árin 1937-1944, að árinu 1942 undanskildu. Fyrir Skriðuland árin 1936-1944 - og fyrir Hraun í Fljóti árin 1930-1933.

Ef miðlunarskilyðri eru ekki fyrir hendi, er ekki hægt að virkja nema lítinn hluta dragánna, jafnvel ekki nema sem svarar minnsta rennsli þeirra eða rúmlega það. Mælingar í dragám norðanlands, eins og t.d. Fljótað og Gönguskarðsá í Skagafirði og Clerá í Eyjafirði, sýna, að minnsta rennsli þeirra setur farið niður í sem svarar 6 l/sek á hvern km^2 úrkumusvæðis osj jafnvel niður fyrir það. Fer þetta minnsta rennsli miðað við km^2 meðal annars eftir heð og stærð úrkumusvæðisins.

Samkvæmt þeim vatnsrennslismælingum, sem fyrir liggja úr ýmsum ám á Austurlandi, virðist aðrennsli að þeim af hverjum km^2 úrkumusvæðis geta farið niður fyrir 2 lítra á sek. Í yfirliti um fallvötn í Skagafirði, sem gert var á raforkumálaeskrifstofunni á s.l. ári, var gert ráð

fyrir, að virkjanlegt rennsli þeirra án miðlunar væri um 10 l/sek. af hverjum km^2 úrkomusvæðis. Samanborið við þær virðist því virkjanlegt vatnsmagn Austfjarðaráranna varla meira en sem svarar 6 l/sek. af hverjum km^2 úrkomusvæðis án miðlunar, og yrði þó að gera ráð fyrir vatnsskorti í langvarandi frostum á vetrum.

II

Eftirtaldar ár voru athugaðar sumarið 1949:

a) Miðhúsaá

Hún á upptök sín á Fjarðarheiði í um 600 m. hæð og rennur í Eyvindará. Aðrennslissvæði Miðhúsaár ofan við Fardagafoss er um 14 km^2 og ofan við Steinholt um 18 km^2 . Sehnilega er hægt að fá nokkra vatnsmiðlun með því að stifla upp allmikið lón rétt upp af vestri heiðarbrúninni. Þetta lón mundi að verulegu leyti stiflast upp að urðarhólum, sem Miðhúsaá hefir grafið sér farveg í gegnum. Sennilegt er, að þessir hólar myndu ekki leka, þó að þarna yrði 2-3 m. há stifla, því að urðin er leirborin og virðist næsta vatnspétt.

Það er til hagræðis fyrir "regleringu" úr þessu lóni, að þjóðvegurinn liggur þarna rétt hjá og því fljótlegt að komast þangað neðanfrá stöðvarhúsi.

Um 1 km. norðaustur af Norðurbrú og vestur af Kötluhrauni er lítið vatn sem hefir afrennsli í Gilsá, en er alveg á vatnaskilunum, og þegar hátt er í því, hefir það einnig afrennsli í Miðhúsaá. Má barna veita öllu afrennslinu til Miðhúsarár með jarðstíflu í afrennslinu til Gilsár. Metti sennilega geyma þarna nokkuð vatn, en hátt er við jarðleka, ef vatnsborðið yrði hakkað að mun.

A.s.k. Vatnshæðum, suðvestur af Heiðarvatni, er smávatn (661), sem á kortinu er sýnt afrennslislaust, en kunnugír menn á þessum slóðum segja, að það hafi afrennsli til Miðhúsarár. Metti að öllum likindum fá þarna nokkra miðlun.

Sá er kosturinn, að með miðlunararlóni uppi af heiðarbrúninni er hægt að tæma smávötnin í það lón, þegar lækka fer í því, og þyrfti því ekki að fara margar ferðir árlega að þessum vötnum í sambandi við miðlunina.

Sá annmarki er á þessari fyrirhuguðu miðlun, að lónið upp af heiðarbrúninni, sem yrði í hæsta lagi 3 m. djúpt, gæti botnfennt á vetrum og orðið að litlu gagni, þegar mest á reyndi. Auk þess má fullyrða, að þróstivathspípa mundi aldrei verða lögð alla leið upp í lón, og mundi því ávallt nokkuð af vatni fara til spillis um inntaksstífluna.

Allnákvæmar mælingar voru gerðar við Miðhúsaá. Þegar hefir verið gerð áætlun um að virkja fallið frá Fardagafossi og niður á láglendi.

Áætlunin er miðuð við 600 hestöfl. Fallið er rúmir 200 m. og vatnsnotkun um 300 l/sek. Áætlaður kostnaður við virkjunina var 1,8 milj. kr. eða um 3.000,- kr. á hvert hestafl á túrbínuás. Áætlunin var gerð í jan. 1950, og miðast því kostnaðurinn við verðlag og kaupgjald fyrir gengisfellingu krónunnar.

I ágúst 1949 var vatnsmagn Miðhúsár mælt og settur í hana vatns-hæðarmælir. Reyndist rennslið vera um 500 l/sek. niður við Steinholt. Þegar áðurnefnd áætlun ver gerð, lágu ekki fyrir aðrar upplýsingar um vatnsmagnið en þessi mæling ásamt nokkrum álestrum á vatnshæðarmælinn þá um haustið. Samkvæmt þeim virðist án ekki hafa farið mjög langt niður fyrir 500 l/sek. 20. mars s.l. mældi svo Sigurjón Rist, vatnsmælingamaður, Miðhúsaá að nýju. Höfðu þá verið kuldar um lengri tíma undanfarið og því mikilsvert að fá vitneskju um, hvernig án hegðaði sér. Rennsli hennar rétt ofan við Fardagafoss reyndist vera 40 l/sek. og niðri við Steinholt 125 l/sek.

Afrennslið af hverjum km^2 úrkamusvæðis ofan við Fardagafoss hefir því verið $40:14 = 2,8 \text{ l/sek.}$, en það passar mjög vel við þær niðurstöður, sem fengnar eru fyrir Fjarðará í Seyðisfirði, en hún hefur verið mæld um langt árabil.

Stærð afrennslissvæðisins milli Fardagafoss og Steinholts er

er, eins og áður er sagt, 4 km^2 , en á því svæði jökkst vatnsmagn árinnar um 85 l/sek. Afrennslið á þessu svæði hefir því verið um 21 l/sek. Eða um 7,5 sinnum meira en af hverjum km^2 ofan við Fardagafoss.

Betta kemur til af því, að á þessum slóðum getur verið þýðviðri öðru hvoru á láglendi, þó að langvarandi frost séu á fjöllum uppi.

Samkvæmt álestrum á vatnshæðarmáli eftir nýjarið virðist rennsli Miðhúsaár ofan við Fardagafoss geta verið langtimumum saman um eða undir 40 l/sek.

Að fengnum þessum upplýsingum um rennslið virðist mega fullyrða, að of hátt sé reiknað með 600 hestafla virkjun í Miðhúsaá, miðað við 200 m. fall, enda var fætlunin einungis miðuð við þá virkjunarstærð, vegna þess að varla þótti koma til mála að byggja minni stöð til almenningssnota á þessum stað. Hövissu er hegt að fá miklu meðra fall í Miðhúsaá, en þá yrði þrýstivatnspípan óhæfilega löng og dýr, miðað við aukningu afslsins. Þar að euki minnkar að sjálfsögðu hið nýtilega aðrennslissvæði, eftir því sem inntaksstiflan er ofar í ánni.

b) Eyvindará.

Eywindará hefir upptök í Flönn, sem er smá-jökull (nær horfinn Eskifarðarheiði, fellur um og ógökum batnandi veðrattu) austur af Eyvindardalví Lagerfljóti norður af Egilstöðum og tekur í sig að vestan m.a. Fagradalsá, en að austan Miðhúsaá. Allar eru þessar ár dragár. Aðrennslissvæði Eywindarár ofan við brúna er 217 km^2 .

Hvergi virðast vera möguleikar til vatnsmiðlunar að neinum ráði og vafasamt hvort hegt verður að fá dægurmiðlun. Á þeim virkjunarstöðum, sem til greina koma í ánni mun hvergi hegt að fá yfir 12 m. fallhæð nema með mjög dýrum stiflumannvirkjum. Vegna þess, hve að rennslissvæði Eywindarár er stórt og mikill hluti þess á láglendi, þykir rétt að miða virkjanlegt rennsli af hverjum km^2 úrkomusvæðis við 10 l/sek. Virkjanlegt afl án dægurmiðlunar verður þá: $0,01 \times$

$217 \times 12.10 = 260$ hestöfl. Og með dægurmiðlun 360 hestöfl.

c) Rangá.

Rangá rennur úr Sandvatni, sem er allstórt vatn $2,8 \text{ km}^2$ og liggur í 569 m. hæð á S.K. Fellsheiði, en í það rennur Sandá, sem hefur upptök í smávatni, Álfavatni, sunnar á heiðinni. Allgöð miðlunar-skilyrði eru í Sandvatni, þó ber þess að gæta, að ef hækkað verður í því um meira en 2-3 m., fær það afrennsli til Sandár, sem rennur til Jökulsár á Dal.

A milli upptaka Sandár og vatnsins er melholt 2-3 m. hátt, en sá melur er laus í sér og myndi hraðgrafast niður, ef vatn næði að renna þar yfir. Liklega yrði að gera jarðstíflu alla leið frá útfalli vatnsins til Rangár og vestur í hæðirnar vestan upptaka Sandár, og yrði sú stifla á annan km. að lengd. Í sjálfri Rangá yrði að steypa stíflu. Möl í steypu mun vera hægt að fá á staðnum.

Aðrennslissvæði Rangár er, sem hér segir:

Við útrennslið úr Sandá	39	km^2
" Valabjörg	55	"
" Ármót	130	"

Eftirfarandi mælingar voru gerðar við Rangá:

1. Mælt fyrir miðlunarstíflu við Sandvatn.
2. Mælt fyrir skurði eða jarðögum úr Sandvatni yfir Grasöxl.
3. Mælt pipustæði og stiflustæði fyrir virkjun fallsins frá Rangárhnjúk að Fjallseli.
4. Mælt fyrir virkjun neðsta fallsins í Rangá ofan við Bótarbúg.

Begar hefir verið unnið úr mælingum "4" og gert kort eftir þeim. Tvær virkjunartilhaganir koma til greina.

Með þeirri fyrri fæst um 140 m. fall á 1400 metrum. Efri hluti pipustæðisins er mjög slæmur og verður að sprengja mikið fyrir pipunni. Stiflan yrði að vera allt að 12 metra há, til þess að hægt yrði að ná pipunni upp úr gljúfrinu.

Með hinni tilhöguninni yrði stiflan um 700 m. meðar í ánni, og fengist þá um 75 m. fall á 700 m. vegalengd. Stiflan yrði mun

lægri en á efri staðnum og þípustaði sannilegt mestan hluta leiðarinnar.

Litið er til af ábyggilegum vatnsmælingum úr Rangá, en vitað er, að afrennslið af hverjum km^2 úrkamusvæðis, sem liggur ofan 300 m. hæðaklinunnar, getur orðið mjög litið á vetrum, sennilega mun minna en í Miðhúsaá.

Hinn 25. mars s.l. mældi Sigurjón Rist rennslí Rangár hjá Valabjör gum, og reyndist það vera 75 l/sek. Afrennslið af hverjum km^2 hefir því verið 1,4 l. eða helmingi minna en við Miðhúsaá.

Vatnsmagn árinna niðri við Bót var mörgum sinnum meira vegna leysinga á láglendi.

Leuslega áætlað virðist að með því að hekka um 1,6 m. í Sandvatni mætti með sannilegu öryggi virkja 600 l/sek. ofan við Bótarbug. Hærra fallið, 140 m., gæfi þá um 850 hestöfl, en 70 m. fallið um 450 hestöfl.

d) Gilsá hjá Kiðum.

Athugaðir voru miðlunarmöguleikar í Vestdalsvatni og fall Gilsár, melt á 4 km. kafla ofan við Gilsárteig. Miðlunarskilyrði eru góð í Vestdalsvatni, en virkjunarskilyrði í Gilsá eru léleg, að ekki bótti taka því að gera þar nákvæmar mælingar.

e) Grímsá.

Melt var fyrir miðlunarstiflu við Skriðuvatn og ekki hefir ennþá verið unnið úr þeim.

Talsverða miðlun mun vera hegt að fá í vatninu, en miðlunarvirkin verða alldýr.

Til er gömul mæling af Grímsárfossi og umhverfi, og hefir eftir nú verið gerður uppráttur við henni, sem nota má til þess að gera eftir frumáætlun um tilhögun virkjunarinnar.

Nokkuð er til af vatnsmælingum úr Grímsá, og sýna þær, að án fer sjaldan eða aldrei niður fyrir $7-8 \text{ m}^3/\text{sek.}$.